

Nefndarálit

um frumvarp til laga um ýmsar forsendur
frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2015.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðrúnu Þorleifsdóttur, Ingibjörgu Helgu Helgadóttur og Mariönnu Jónasdóttur frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Halldór Árnason frá Samtökum atvinnulífsins, Friðrik Friðriksson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Almar Guðmundsson frá Samtökum iðnaðarins, Andrés Magnússon og Lárus M.K. Ólafsson frá Samtökum verslunar og þjónustu, Grím Sæmundsen, Gunnar Val Sveinsson og Helgu Árnadóttur frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Henný Hinz frá Alþýðusambandi Íslands, Döllu Ólafsdóttur og Kristin Bjarnason frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Jón Helga Óskarsson og Vilhjálm Bjarnason frá Hagsmunasamtökum heimilanna, Björgu Ástu Þórðardóttur frá Félagi atvinnurekenda, Yngva Örn Kristinsson frá Samtökum fjármála- fyrirtækja, Guðmund Gunnarsson og Þóreyju Þórðardóttur frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Arna Guðmundsson frá Gildi-lífeyrissjóði, Hannes G. Sigurðsson og Vigdís Jónsdóttur frá VIRK starfsendurhæfingarsjóði og Hauk Ingibergsson og Jónu Valgerði Kristjánsdóttur frá Landssambandi eldri borgara. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Félagi bókhaldsstofa, Gildi-lífeyrissjóði, Samtökum atvinnulífsins og Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Garðari Baldvinssyni, Fjármálaeftirlitinu, Alþýðusambandi Íslands, Landssamtökum lífeyrissjóða, Neytendasamtökunum, Starfsgreinasambandi Íslands, tollstjóranum, velferðarráðuneytinu, VIRK starfsendurhæfingarsjóði, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Félagi atvinnurekenda, Hagsmunasamtökum heimilanna, Samtökum fjármálafyrirtækja, Samtökum iðnaðarins, Seðlabanka Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu, Landssambandi eldri borgara og Samtökum ferðaþjónustunnar.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum er snúa að tekju- og gjaldahlið ríkissjóðs. Frumvarpið hefur sterk tengsl við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2015. Í frumvarpinu eru þó ekki lagðar til breytingar á krónutölugjöldum eins gengið er út frá í tekju- áætlun fjárlagafrumvarpsins.

Þjóðhagsspá, vetur 2014.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2015 og tekjuáðgerðir sem koma fram í frumvarpinu byggjast í grunninn á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá júlí 2014. Hinn 14. nóvember sl. birti Hagstofa Íslands uppfærða þjóðhagsspá fyrir veturinn 2014. Helstu atriði uppfærðrar þjóðhagsspár má finna í eftirfarandi töflu sem birt er í Hagtíðindum Hagstofu Íslands 2014:15.

Tafla 1. Landsframleiðsla 2013–2016
Table 1. Gross domestic product 2013–2016

Magnbreyting frá fyrra ári (%) <i>Volume growth from previous year (%)</i>	2013 ¹	2014	2015	2016
Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	0,8	3,9	4,0	3,2
Samneysla <i>Government final consumption</i>	0,8	1,8	1,4	1,6
Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	-2,2	14,0	18,7	14,6
Atvinnuvegafjárfesting <i>Business investment</i>	-8,6	12,7	22,2	16,7
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði <i>Housing investment</i>	10,8	25,2	20,9	17,0
Fjárfesting hins opinbera <i>Public investment</i>	12,5	9,0	2,0	1,5
Þjóðarútgjöld alls <i>National final expenditure</i>	-0,3	4,7	5,6	5,1
Útflutningur vöru og þjónustu <i>Exports of goods and services</i>	6,9	3,9	2,8	2,8
Innflutningur vöru og þjónustu <i>Import of goods and services</i>	0,4	8,1	7,4	7,1
Verg landsframleiðsla <i>Gross domestic product</i>	3,5	2,7	3,3	2,9
Vöru- og þjónustujöfnuður (% af VLF) <i>Goods and services balance (% of GDP)</i>	8,3	6,7	5,0	3,1
Viðskiptajöfnuður (% af VLF) <i>Current account balance (% of GDP)</i>	5,6	3,5	0,9	-0,7
Viðskiptajöfnuður án innlánsstofnana í slitameðferð (% VLF) <i>Current account balance excluding DMBs being wound up (% of GDP)</i>	7,3	4,5	0,9	-0,7
Visitala neysluverðs <i>Consumer price index</i>	3,9	2,2	2,7	3,0
Gengisvisitala <i>Exchange rate index</i>	-1,4	-5,4	0,0	0,0
Raungengi <i>Real exchange rate</i>	3,8	6,4	1,0	1,1
Atvinnuleysi (% af vinnuafli) <i>Unemployment rate (% of labour force)</i>	4,4	3,7	3,2	3,1
Launavisitala <i>Wage rate index</i>	5,7	5,6	6,0	4,7
Alþjóðlegur hagvöxtur <i>World GDP growth</i>	0,8	1,7	1,9	2,2
Alþjóðleg verðbólga <i>World CPI inflation</i>	1,6	1,4	1,7	1,9
Verð útflutts áls <i>Export price of aluminum</i>	-4,8	3,0	11,4	2,3
Olíuverð <i>Oil price</i>	-0,9	-5,0	-14,5	1,3

Skýringar *Notes*: Sjá ýtarlegni töflu á bls. 22. *Cf. table 2 on page 22.*

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

- Séu helstu forsendur bornar saman við nýjustu þjóðhagsspá kemur eftirfarandi m.a. í ljós:
1. Verg landsframleiðsla verður minni árið 2014 eða 2,7% í stað 3,1%, 3,3% í stað 3,4% 2015 en 2,9% eins og áður hafði verið gert ráð fyrir árið 2016.
 2. Hagvaxtarspá fyrir árið 2014 lækkar um 0,4%. Litlar breytingar verða á spá fyrir árið 2015 og árin 2016–2018 standa nokkurn veginn í stað frá því í júlí sl.
 3. Gert er ráð fyrir að vöxtur einkaneyslu verði svipaður og gert var ráð fyrir í spá Hagstofunnar frá júlí sl. árið 2014 eða um 3,9%. Þá verður vöxturinn um 4% árið 2015 í stað 3,7%. Spá fyrir árið 2016 gerir ráð fyrir 3,2% vexti samanborið við 2,8% samkvæmt júlíspá.
 4. Áfram er gert ráð fyrir hóflegum vexti samneyslu. Gert er ráð fyrir 1,8% vexti árið 2014 samanborið við 1,2% í júlí sl., 1,4% í stað 0,5% árið 2015 og um 1,5% vexti árlega eftir það.

5. Fjármunamyndun verður minni árið 2014 en gert var ráð fyrir í júlispá Hagstofunnar eða um 14% samanborið við 16,9%. Hins vegar er gert ráð fyrir að hún taki verulega við sér árin þar á eftir og verði 18,7% í stað 15,7% árið 2015 og 14,6% í stað 12,5% árið 2016.
6. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi verði nokkru minna en samkvæmt júlispá Hagstofunnar eða 3,7% í stað 3,8% árið 2014, 3,2% í stað 3,5% árið 2015 og 3,1% í stað 3,5% árið 2016.
7. Þegar kemur að verðbólgu er gert ráð fyrir að hún verði nokkru minni en samkvæmt júlispá eða 2,2% í stað 2,5% árið 2014, 2,7% í stað 3,4% 2015, 3% í stað 3,2% árið 2016 en hún fari aftur niður í 2,6% árið 2018.

Stærsti óvissuþátturinn í uppfærðri spá Hagstofunnar er þróun launa árið 2015 en flestir kjarasamningar verða lausir á því ári. Spá Hagstofunnar gerir ráð fyrir að samið verði um nokkuð meiri launahækkunar en í síðustu samningum en að lág verðbólga auki líkur á hóflegum launabreytingum.

Að mati meiri hlutans kallar uppfærð þjóðhagsspá ekki á breytingar á ákvæðum frumvarpsins.

Batnandi afkoma ríkissjóðs.

Hinn 26. nóvember sl. birtist frétt á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins þar sem fram kom að afkoma ríkissjóðs hefði batnað frá því sem áður hafði verið gert ráð fyrir og því hefði myndast nokkurt svigrúm fyrir sérstök áherslumál ríkisstjórnarinnar. Ástæðan er m.a. sú að tekjuáætlun fyrir árið 2014 hefur verið endurskoðuð í ljósi þróunar tekna síðustu mánuði, tekið hefur verið tillit til áhrifa af uppfærðri þjóðhagsspá og fyrir liggur að álagning opinberra gjalda á lögaðila skilaði mun betri niðurstöðu en ráð var fyrir gert.

Umfjöllun meiri hlutans.

Frestun á framlagi úr ríkissjóði til starfsendurhæfingarsjóða (3. gr.).

Fyrir nefndinni var gagnrýnt að í 3. gr. frumvarpsins væri lagt til að þátttöku ríkissjóðs í fjármögnun starfsendurhæfingarsjóða yrði frestað um eitt ár.

Meiri hlutinn bendir á að sambærileg frestun átti sér stað árin 2013 og 2014. Sú frestun var réttlætt með tilliti til sterkrar fjárhagsstöðu VIRK starfsendurhæfingarsjóðs og stöðu ríkissjóðs. Í athugasemdum frumvarpsins kemur fram að gert sé ráð fyrir að heildarúttekt á þjónustu starfsendurhæfingarsjóða verði lokið fyrir árslok 2016 og í kjölfar hennar verði tekin ákvörðun um áframhaldandi uppbyggingu og framtíð slíkra sjóða. VIRK starfsendurhæfingarsjóður er eini starfandi starfsendurhæfingarsjóðurinn á Íslandi. Ljóst er að staða hans er sterk en rekstrarafgangur hans var um 800 millj. kr. í árslok 2013 og þá var vara-sjóður orðinn um 2,3 milljarðar kr. eða um 1 milljarði kr. hærri en rekstrarkostnaður hans sama ár. Ljóst er að staða sjóðsins mun áfram verða sterk a.m.k. þar til framangreindri endurskoðun lýkur. Þá hefur ekki verið komið á starfsgetumati í stað örorkumats sem er rökræn forsenda virkrar starfsendurhæfingar en það er unnið að úrlausn þess af nefnd sem skilar tillögum sínum fljótlega.

Að mati meiri hlutans er mikilvægt að tryggja að svo fari ekki að VIRK treysti sér ekki til að taka á móti einstaklingum í þjónustu árinu á 2015 sem ekki er greitt af í sjóðinn. Samkvæmt frétt á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 26. nóvember sl. verður starfsendurhæfingarsjóðum tryggt viðbótarframlag á næsta ári.

Niðurskurður á framlagi vegna jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða (4. gr.).

Fyrir nefndinni kom fram nokkur gagnrýni á tillögu 4. gr. frumvarpsins sem er þess efnis að hlutdeild lífeyrissjóða í tekjum af almennu tryggingagjaldi til jöfnunar og lækkunar örorkubyrði lífeyrissjóða verði lækkuð árlega um 20% þar til hún fellur brott á árinu 2019.

Skilningur meiri hlutans er að vegna breyttra forsendna standi til að taka til endurskoðunar það fyrirkomulag sem komið var á með yfirlýsingu ríkisstjórnar í nóvember 2005. Markmið endurskoðunarinnar verður að lífeyrissjóðirnir sjái sjálfir um jöfnun sín á milli án framlaga úr ríkissjóði að fimm árum liðnum. Þá stendur til að taka upp viðræður við lífeyrissjóði vegna endurskoðunarinnar. Þá hefur tryggingagjald ekki hækkað sem nemur þeim framlögum sem átti að ráðstafa til lífeyrissjóða vegna jöfnunar örorkubyrði og því skertist sá hluti fjármagns sem varið er til opinberra almannatrygginga.

Fyrir nefndinni kom fram að mikill munur væri á örorkubyrði lífeyrissjóða þegar litið væri til byrðarinnar sem hlutfalls heildarskuldbindinga. Kom m.a. fram að framlagið stæði undir stórum hluta af þeim örorkulífeyri sem tilteknir sjóðir greiða. Í nefndinni kom það sjónarmið fram að eðlilegt væri að þær atvinnugreinar sem búa við hærri örorkubyrði greiddu sem því næmi meira til lífeyrissjóðanna. Byggðist framangreint á því að ekki væri forsvaranlegt að ætlast til að þeir sem skyldaðir eru til að greiða í lífeyrissjóð standi undir hærri örorkubyrði sjóðanna í gegnum skerðingu á lífeyrisréttindum. Þetta á við til framtíðar en eftir stendur óleystur fortíðarvandi sem nauðsynlegt er að ráðast sameiginlega að.

Til þess að koma til móts við lífeyrissjóðina og skapa svigrúm vegna samræmingar örorkumats leggur meiri hlutinn til að gildistöku varðandi breytingar á ráðstöfun tekna af almennu tryggingagjaldi til jöfnunar og lækkunar örorkubyrði lífeyrissjóða verði seinkað til 1. júlí 2015 í stað þess að taka gildi 1. janúar 2015 og er gert ráð fyrir þeim kostnaðarauka í fréttatilkynningunni frá 26. nóvember sl.

Vaxtabætur (5. gr.).

Í 5. gr. er brugðist við þeirri stöðu að vaxtabótareglur munu að óbreyttu færast í fyrra horf að gildistíma ákvæðis til bráðabirgða XLI í lögum um tekjuskatt liðnum. Slíkt mundi hafa þær afleiðingar í för með sér að vaxtabætur dreifðust á fleiri fjölskyldur en nú er og þannig lækka vaxtabætur til tekjulágra og eignalitilla fjölskyldna.

Nefndinni bærust ábendingar þess efnis að viðmiðunarfjárhæðir vaxtabóta hafi ekki hækkað til samræmis við hækkan launa, verðlags og húsnæðisverðs.

Meiri hlutinn bendir á að 28. júní 2013 samþykkti Alþingi þingsályktun um aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi. Í 4. tölul. ályktunarinnar var félags- og húsnæðismálaráðherra falið að skipa verkefnisstjórn um framtíðarskipan húsnæðismála. Téð verkefnisstjórn var skipuð 9. september 2013. Samhliða henni skipaði ráðherra samvinnuhóp um framtíðarskipulag húsnæðismála verkefnisstjórninni til ráðgjafar. Samvinnuhópurinn er skipaður fulltrúum helstu hagsmunaaðila og stjórnvalda sem starfa í tengslum við húsnæðismál í víðum skilningi auk þess sem fulltrúar stjórnvaldaflokka á Alþingi eiga þar sæti. Verkefnisstjórninni er m.a. ætlað að starfa náið með Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Skýrsla verkefnisstjórnarinnar kom út í maí 2014 og er þar að finna margar tillögur, m.a. um fjármögnun almennra húsnæðislána, uppbyggingu virks leigumarkaðar og leiðir til að veita almannatjónustu á húsnæðismarkaði. Meiri hlutinn væntir þess að ríkisstjórnin muni áfram vinna að því markmiði að landsmenn búi við öryggi í húsnæðismálum í samræmi við þarfir hvers og eins.

Unnið er að uppbyggingu á nýju húsnæðisbótakerfi sem ætlað er að leysa af hólmi núverandi vaxta- og húsaleigubótakerfi. Hinu nýja kerfi er ætlað að jafna stöðu leigjenda við

stöðu húseigenda þannig að stuðningur hins opinbera taki mið af fjölskyldustærð í stað búsetuforms. Samkvæmt frétt sem birtist á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins 26. nóvember sl. stendur til að koma til móts við tekjulægstu leigjendur á húsnæðismarkaði með 400 millj. kr. viðbótarframlagi. Framlagið er áfangi í því að sameina framangreind kerfi og auka stuðning við leigjendur.

Framlenging ákvæðis til bráðabirgða VII í lögum um málefni aldraðra (13. gr.).

Það sjónarmið kom fram fyrir nefndinni að ráðstöfun fjár Framkvæmdasjóðs aldraðra til reksturs hjúkrunarheimila muni til framtíðar litið kalla á leiðréttingu í formi viðbótarfjárframlaga úr ríkissjóði eða minni uppbyggingu hjúkrunarheimila.

Meiri hlutinn hefur skilning á framangreindum áhyggjum. Ákvæði til bráðabirgða VII í lögum um málefni aldraðra var upphaflega bætt við lögin með samþykkt laga nr. 120/2009 vegna fjárhagsvanda ríkissjóðs og sparnaðarkröfu. Að mati meiri hlutans sníður staða ríkisfjármála ríkisstjórninni enn nokkuð þröngan stakk en mikilvægt er að gæta að vaxandi fjölda aldraðra á næstu árum.

Lengd bótatímabils atvinnuleysisbóta (16.–18. gr.).

Fyrir nefndinni var stytting bótatímabils atvinnuleysisbóta gagnrýnd. Var m.a. talið að styttingin hefði þau áhrif að vandi tiltekinna hópa atvinnulausra flyttist yfir á sveitarfélög.

Samkvæmt athugasemdum frumvarpsins eru tillögur 16.–18. gr. lagðar fram í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um lækkingu útgjalda og aðhald í ríkisfjármálum auk þess sem íslenska atvinnuleysistryggingakerfið er fært nær því sem þekkist á öðrum Norðurlöndum.

Samkvæmt upplýsingum sem koma fram í Hagvísunum Seðlabanka Íslands frá september síðastliðnum hefur atvinnuleysi minnkað hratt að undanfögnu og stefnir hraðbyri í að verða svipað og var um áramótin 2004/2005. Þá hefur þeim farið fækkandi sem glímt hafa við langtímaatvinnuleysi. Fyrirtæki virðast almennt ætla að ráða meira starfsfólk en þau hyggjast segja upp og óhætt er að segja að eftirspurn eftir starfsfólks sé að aukast. Áhrif langtímaatvinnuleysis eru þekkt.

Uppfærð þjóðhagsspá Hagstofu Íslands gerir ráð fyrir því að hraðar muni draga úr atvinnuleysi en áður var ætlað.

Að mati meiri hlutans er skynsamlegt að bregðast við bættri stöðu á atvinnumarkaði. Það getur vart talist í samræmi við markmið atvinnuleysistrygginga að viðhalda bótarétti sem var aukinn þegar staða og horfur á atvinnumarkaði voru mun dekkri en nú er. Þá má benda á að bótatímabil atvinnuleysisbóta er víða mun skemmra en hér á landi. Í athugasemdum frumvarpsins kemur m.a. fram að tímabilið sé að jafnaði styttra annars staðar á Norðurlöndunum.

S-merkt lyf (19. gr.).

Fyrir nefndinni var 19. gr. frumvarpsins gagnrýnd. Kjarni gagnrýnnar er að með tillögu greinarinnar verði áætlaður sparnaður ríkissjóðs fluttur yfir á sjúklinga og því muni lyfjakostnaður almennings aukast þegar á heildina er litið og dregið verði úr aðgengi að heilbrigðisþjónustu.

Færsla S-lyfja undir greiðsluþáttökukerfið er hluti af aðhaldsaðgerðum ríkisstjórnarinnar. Auk þess stuðlar færslan að jafnræði þegar kemur að aðgengi og öflun lyfja. Þegar tekið er tillit til þess að kostnaður vegna lyfjakaupa fer ekki upp fyrir hámark innan tiltekins tímabils mun færslan ekki valda eins miklum útgjöldum og sýnist í fyrstu. Benda má á að samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2015 er gert ráð fyrir auknum framlögum vegna heilbrigðismála og þar af nema útgjöld vegna 3% magnbreytinga á S-merktum lyfjum um 0,2 milljörð-

um kr. Þá er rétt að benda á að samkvæmt frétt á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 26. nóvember sl. er áætlað að minnka þátttöku einstaklinga í lyfjakostnaði um u.þ.b. 5% með 150 millj. kr. aukinni greiðsluþátttöku ríkisins á næsta ári.

Tollskrárnúmer.

Þeirri ábendingu var komið á framfæri við nefndina að nokkur röng tollskrárnúmer kæmu fram í tilgreiningu 26. gr. Skilningur meiri hlutans er að það stafi af uppfærslu á tollskrá. Því leggur meiri hlutinn til að þau tollnúmer sem fallin eru úr gildi falli brott og að öðrum sem hafa komið í staðinn eða eru ný verði bætt við í staðinn. Markmið breytinganna er að tryggja að unnt verði að leggja úrvinnslugjald á raf- og rafeindatæki og íhluti þeirra.

Í a–d-liðum 2. tölul. breytingartillagna meiri hlutans eru lagðar til breytingar á tollskrárnúmerum sem eru í flokki XVI sem ber heitið „Vélbúnaður og vélræn tæki; rafbúnaður; hlutar til þessara vara; hljóðupptöku- og hljóðflutningstæki, mynda- og hljóðupptökutæki og mynda- og hljóðflutningstæki fyrir sjónvarp, og hlutar og fylgihlutir til þess konar vara“. Númerin verða sett í 85. kafla sem heitir „Rafbúnaður og -tæki og hlutar til þeirra; hljóðupptöku- og hljóðflutningstæki, mynda- og hljóðupptökutæki og mynda- og hljóðflutnings-tæki fyrir sjónvarp, og hlutar og fylgihlutir til þess konar vara.“

Í a–lið 2. tölul. breytingartillagnanna er lögð til sú breyting að fjórum nýjum tollskrárnúmerum verði bætt við á eftir tollskrárnúmerinu „8519.5000“. Þau eru í undirkafla 8519 sem ber heitið „hljóðupptöku- eða hljóðflutningstæki“. Tollskrárnúmerin munu hafa eftirfarandi heiti: 8519.8110: „hljóðupptöku- eða hljóðflutningstæki sem geta gengið án ytri orkugjafa og eru tengjanleg við gagnavinnsluvélar“, 8519.8190: „önnur hljóðupptöku- eða hljóðflutningstæki“, 8519.8910: „hljóðupptöku- eða hljóðflutningstæki sem eru með innbyggðri geymslueiningu, geta gengið án ytri orkugjafa og eru tengjanleg við gagnavinnsluvélar“ og 8519.8990: „önnur hljóðupptöku- eða hljóðflutningstæki.“

Í b-lið 2. tölul. breytingartillagnanna er lögð til sú breyting að á eftir tollskrárnúmerinu „8521.9022“ komi númerið 8521.9023. Undirkaflinn 8521 ber heitið „myndupptökutæki eða myndflutningstæki (video), einnig með innbyggðum myndmóttakara (video tuner)“. Samkvæmt tollskrá mun heiti tollnúmerisins 8521.9023 verða „tæki sem geta gengið án ytri orkugjafa og eru tengjanleg þráðlaust við netkerfi“.

Í c-lið 2. tölul. breytingartillagnanna er lögð til sú breyting að á eftir tollskrárnúmerinu „8540.2000“ komi þrjú ný tollskrárnúmer. Undirkaflinn 8543 hefur fyrirsögnina „Rafmagnsvélar og -tækjabúnaður, til sérstakra nota [...]“. Heiti nýju númeranna verður eftirfarandi samkvæmt tollskrá: 8543.1000 „rafeindahraðlar (particle accelerators)“, 8543.2000 „merkjarafalar“ og 8543.3000 „vélar og tækjabúnaður til rafhúðunar, rafsundrunar eða rafdráttar“.

Í d-lið 2. tölul. breytingartillagnanna er lögð til sú breyting að á eftir tollskrárnúmerinu „8543.7001“ komi tvö ný tollskrárnúmer. Undirkaflinn 8543 hefur fyrirsögnina „rafmagnsvélar og -tækjabúnaður, til sérstakra nota [...]“. Heiti nýju númeranna verður eftirfarandi samkvæmt tollskrá: 8543.7002 „tónjafnarar og önnur hliðstæð tæki sérstaklega hönnuð til nota fyrir hljóðfæri og söngkerfi“ og 8543.7003 „tæki til lesturs rafbóka sem geta gengið án ytri orkugjafa og eru tengjanleg þráðlaust við netkerfi“.

Í e-lið 2. tölul. breytingartillagnanna er lögð til sú breyting að á eftir tollskrárnúmerinu „9007.9100“ komi tvö ný tollskrárnúmer. Undirkaflinn 9007 hefur heitið „kvikmyndavélar og kvikmyndasýningavélar, einnig með hljóðupptökutækjum eða hljóðflutningstækjum“. Undirkaflinn 9008 hefur heitið „myndvörpur, þó ekki kvikmyndasýningarvélar; ljósmynda-tækkarar og ljósmyndasmækkarar (þó ekki fyrir kvikmyndir)“. Heiti nýju númeranna verður

eftirfarandi samkvæmt tollskrá: 9007.9200 „hlutir og fylgihlutir fyrir sýningarvélar“ og 9008.5000 „myndvörpur, myndastækjar og -smækjar“.

Í g-lið 2. tölul. breytingartillagnanna er lögð til sú breyting að sex tollskrárnúmer falli brott. Tvö þeirra eru í kafla 8519 sem ber heitið hljóðupptöku- eða hljóðflutningstæki. Þrjú þeirra eru í kafla 8528 sem ber heitið „skjái og myndvörpur, án sjónvarpsmóttökubúnaðar; móttökutæki fyrir sjónvarp, einnig með útvarpsviðtæki eða hljóð- eða myndbandsupp-tökubúnaði eða flutningsbúnaði“. Heiti númers 8528.7101 er „móttökutæki fyrir sjónvarp, myndskjái og myndvörpur fyrir sjónvarpsstarfsemi (eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins)“. Heiti númers 8528.7201 er „móttökutæki fyrir sjónvarp, myndskjái og myndvörpur fyrir sjónvarpsstarfsemi (eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins)“. Heiti númers 8528.7301 er „móttökutæki fyrir sjónvarp, myndskjái og myndvörpur fyrir sjónvarpsstarfsemi (eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins)“. Téd númer falla brott þar sem þau eru ekki lengur til í tollskrá. Vara sem féll áður undir ofangreind þrjú númer fer í tollskrárnúmer sem greint var frá hér að framan. Tvö númeranna eru í kafla 9007 sem ber heitið „kvikmyndavélar og kvikmyndasýningarvélur, einnig með hljóðupptökutækjum eða hljóðflutningstækjum“. Heiti númers 9007.1100 er „filmur f. kvikmyndavélar og kvikmyndasýningarvélur (minna 16 mm breidd eða fyrir tvöfaldar 8 mm filmur)“. Heiti númers 9007.1900 er „aðrar kvikmyndavélar og kvikmynda-sýningarvélur“. Þessi númer falla brott þar sem þau eru ekki lengur til í tollskrá. Að lokum er eitt númer í kafla 9800 sem ber heitið „myndvörpur, þó ekki kvikmyndasýningarvélur; ljósmyndastækjar og ljósmyndasmækjar (þó ekki fyrir kvikmyndir)“. Heiti númers 9008.3000 er „aðrir myndvarpar“. Númerið fellur brott þar sem það eru ekki lengur til í tollskrá.

Eftirlitsgjald vegna greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (8. gr.).

Nefndinni barst erindi þar sem lögð var til breyting á 8. gr. í því skyni að greinin endurspeglði þær tekjur af eftirlitsgjaldi sem getið er um í fjárhagsáætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2015.

Meiri hlutinn leggur til breytingu til samræmis við tillögur Fjármálaeftirlitsins. Þær gera ráð fyrir að gildandi álagningarhlutföll viðskiptabanka, sparisjóða, lánaþyrirtækja, greiðslu-stofnana, rafeyrisþyrirtækja, váttryggingafélaga, váttryggingamiðlara, verðbréfaþyrirtækja, verðbréfamiðlara, rekstrarfélaga verðbréfasjóða, fagfjárfestasjóða, lífeyrissjóða, Íbúðalána-sjóðs og Lána-sjóðs sveitarfélaga lækki. Tillagan tekur mið af rekstraráætlun Fjármálaeftir-litsins fyrir árið 2015 (sjá fylgiskjal) sem gerir ráð fyrir að kostnaður við rekstur embættisins nemi 1.987 millj. kr. á komandi ári. Í samræmi við 3. gr. laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi er jafnframt tekið mið af áætluðum rekstrarafgangi stofnunarinnar í árslok 2014 að frádregnum varasjóði upp á 92,8 millj. kr. Innheimtunni er samkvæmt því ætlað að skila tekjum sem svara til um 1.637 millj. kr.

Gjalddagar aðflutningsgjalda.

Meiri hlutinn leggur til að hefðbundnum gjalddögum aðflutningsgjalda, þ.m.t. virðisauka-skatts, vegna uppgjörstímabíla á árinu 2015 verði dreift á tvo gjalddaga. Samhljóða breyt-ingar hafa verið lögfestar allt frá árinu 2009, síðast með lögum nr. 21/2013. Þessu tíma-bundna úrræði var ætlað að bregðast við greiðsluferfiðleikum fyrirtækja eftir efnahagshrunið haustið 2008 sem hafa reynst langvinnari en vonir stóðu til í upphafi. Að óbreyttu hefði úrræðið fallið niður í lok þessa árs, enda hagar íslenskra fyrirtækja verið að vænkast síðustu árin. Vegna ábendinga úr atvinnulífinu sem telur sig hafa góða reynslu af þessu fyrirkomu-

lagi er talið rétt að framlengja úrræðið til ársloka 2015 á meðan unnið verði að endurskoðun á gjaldfrestum í tengslum við heildarendurskoðun virðisaukaskattkerfisins.

Lækkun þaks vegna undanþágu vörugjalds af bílaleigubílum.

Heimilt er að lækka vörugjald af ökutækjum samkvæmt undanþáguflokki í 2. tölul. 2. mgr. 5. gr. laganna. Undir þann flokk falla bifreiðar sem ætlaðar eru til útleigu hjá bílaleigum. Í 2. másl. 3. mgr. 3. gr. laganna segir að lækkun á vörugjaldi samkvæmt framangreindum undanþáguflokki geti ekki numið hærri fjárhæð en 1.000.000 kr. Vegna betri stöðu bílaleiga leggur meiri hlutinn til að lækkun á vörugjaldi samkvæmt framangreindum undanþáguflokki geti ekki numið hærri fjárhæð en 500.000 kr.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. nóvember 2014.

Frosti Sigurjónsson,
form.

Pétur H. Blöndal,
frsm.

Willum Þór Þórsson.

Líneik Anna Sævarsdóttir.

Unnur Brá Konráðsdóttir.

Vilhjálmur Bjarnason.

Fylgiskjal I.*Fjármálaeftirlitið:*

Rekstraráætlun 2015.
Skýrsla til fjármála- og efnahagsráðherra um áætlaðan
rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2015.
 (16. apríl 2014.)

1 Inngangur

Í samræmi við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með áorðnum breytingum, er fjármála- og efnahagsráðherra hér með send rekstraráætlun fyrir Fjármálaeftirlitið vegna ársins 2015. Samkvæmt lagaákvæðinu skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 1. júlí ár hvert gefa ráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Fjármálaeftirlitið hefur, í samræmi við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, leitað álits samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi stofnunarinnar á árinu 2015.

Við gerð rekstraráætlunarinnar var meðal annars horft til áætlaðrar mannaflaparfar stofnunarinnar. Þannig er nú gert ráð fyrir að stöðugildi árið 2015 verði í námunda við 122, samanborið við 118 árið 2013 og 119 árið 2012. Að baki áætluðum 122 stöðugildum árið 2015 liggja starfssamningar við 125 starfsmenn sem nú eru í gildi. Í langtímaáætlun 2016 til 2020 er gert ráð fyrir að komin sé samfella í rekstur eftirlitssviða stofnunarinnar en að stöðugildum fækki niður í 119 árið 2016 þegar umbótaverkefnum lýkur er lúta að innleiðingu áhættumiðaðs eftirlits, mótun verklags og því að koma á skilvirkum gagnaskilum.

Í skýrslu þessari er að finna rekstraráætlun ársins 2015 ásamt mati á umfangi reksturs stofnunarinnar til ársins 2018 og tillögur um álagningu eftirlitsgjalds í samræmi við lög nr. 99/1999.

2 Rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2013

Skipting eftirlitsgjalds fyrir árið 2013 var staðfest á Alþingi í desember 2012 með breytingum á lögum nr. 99/1999. Á sama tíma samþykkti Alþingi fjárlög fyrir árið 2013 þar sem fjárheimild stofnunarinnar var staðfest.

Drög að ársreikningi Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2013 sýnir að tekjur af eftirlitsgjaldi á árinu 2013 námu 1.751,6 m.kr. sem er 7,3% lækkun frá fyrra ári. Aðrar tekjur námu 29,3 m.kr. og vaxtatekjur að frádregnum vaxtagjöldum og fjármagnstekjuskatti námu 43,7 m.kr. Rekstrargjöld, að meðtalinni 151,9 m.kr. varúðarfærslu vegna krafna frá fyrri árum á fallin fjármálafyrirtæki, námu 1.888,1 m.kr. Rekstrartap samkvæmt rekstrarreikningi nam því 63,5 m.kr. Útgjöld vegna úrskurðarnefnda eru meðtalin í rekstrargjöldum og námu 28,8 m.kr. Á sama tíma voru tekjur af úrskurðarnefndum 20,8 m.kr. og taldar upp með öðrum tekjum hér að framan. Eignir í árslok 2013 námu samtals 608,4 m.kr., þar af handbært fé 545 m.kr. Skammtimaskuldir námu 48,8 m.kr. og eigið fé 559,5 m.kr.

Tafla 1. Rekstur Fjármálaeftirlitsins árin 2011 - 2013

	Rekstur 2011	Rekstur 2012	Rekstur 2013
Rekstrarkostnaður			
Laun	1.068.004.016	1.278.354.986	1.341.535.231
Ferða og fundakostnaður	53.173.821	75.706.510	88.326.041
Rekstrarvörur	22.822.343	24.198.547	32.127.192
Aðkeypt þjónusta	321.518.577	229.415.260	172.489.672
Húsnæði	71.397.587	104.757.860	90.323.919
Rekstrarkostnaður	72.391.054	33.047.464	11.399.832
Gjöld alls fyrir varúðarfærslu	1.609.307.398	1.745.480.627	1.736.201.687
Varúðarfærsla vegna krafna á fallin fjármálaft.	3.647.505	0	151.912.172
Gjöld alls	1.612.954.903	1.745.480.627	1.888.113.859
Rekstrartekjur			
Álagt eftirlitsgjald	1.642.716.557	1.879.792.000	1.751.593.000
Vaxtatekjur netto	24.253.126	38.202.032	43.796.753
Aðrar tekjur	37.360.169	48.167.129	29.297.826
Tekjur fyrir ríkisframlag	1.704.329.852	1.966.161.161	1.824.687.579
Aðrar tekjur	0	68.000.000	0
Tekjur alls	1.704.329.852	2.034.161.161	1.824.687.579
Tekjuafgangur ársins	91.374.949	288.680.534	-63.426.280
Eigið fé í árslok	334.227.910	622.908.444	559.482.164
- þar af sérstakur varasjóður	93.989.600	87.579.650	79.080.000
- varasjóður sem % af eftirlitsgjaldi næsta árs	5,0%	5,0%	5,0%

Samkvæmt framangreindri töflu nr. 1 nam eigið fé Fjármálaeftirlitsins í árslok 2013 um 559,5 m.kr. og lækkaði sem nam rekstrartapi um 63,5 m.kr. Rekstrartap ársins skýrist að mestu af annars vegar lækkun annarra tekna vegna endurgreiðslu álagðra eftirlitsgjalda á árunum 2010 og 2011, í framhaldi af úrskurði Umboðsmanns Alþingis. Hins vegar af afskriftarfærslu vegna mögulegra tapaðra krafna á fallin fjármálaftirtæki að fjárhæð um 152 m.kr.

Samkvæmt lögum nr. 99/1999 er Fjármálaeftirlitinu heimilað að mynda varasjóð, samsvarandi rekstrarafgangi umfram áætlun, sem skerðist ekki þótt síðar verði rekstrartap af starfseminni. Hámark slíks varasjóðs er 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi næsta árs og er heimilt að nýta viðkomandi sjóð til að fjármagna útgjöld umfram áætlunir vegna ófyrirséðra atvika. Varasjóður samkvæmt framangreindu var 79 m.kr. í árslok 2013.

3 Rekstraráætlun vegna ársins 2014

Rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2014 var send fjármála- og efnahagsráðherra þann 28. júní 2013. Í fjárlögum ársins 2014 sem Alþingi samþykkti í desember 2013 var 1.582 m.kr. fjárheimild stofnunarinnar lögfest, sem er lækkun frá upphaflegri rekstraráætlun sem nam 1.609 m.kr. Lækkunin var tilkomin vegna 1,5% hagræðingarkröfu ráðuneytisins á rekstur stofnunarinnar að meðtöldum IPA styrk sem áður hafði verið felldur niður. Með

breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, samþykkti Alþingi í lok desember 2013 skiptingu eftirlitsgjaldsins milli eftirlitskyldra aðila.

Rekstraráætlun fyrir árið 2015 sem fjallað er um með ýtarlegum hætti síðar í þessari skýrslu byggir að hluta á rauntölum rekstrar liðinna ára sem og endurskoðaðri rekstraráætlun ársins 2014.

3.1 Áherslur ársins 2014

Á yfirstandandi starfsári er áfram mikil áhersla lögð á uppbyggingu og umbætur í innri starfsemi og unnið markvisst að því að ljúka þeim verkefnum með sérstakri áherslu á innleiðingu áhættumiðaðs eftirlits í samræmi við CRD IV tilskipunina. Umbótaáætlun Fjármálaeftirlitsins lýtur að styrkingu innviða stofnunarinnar í samræmi við niðurstöður og ábendingar skýrslna og úttekta með það að markmiði að styðja sem best við kjarnastarfsemi stofnunarinnar og að tryggja viðeigandi gæði starfseminnar í heild. Vel hefur gengið að vinna að þessum verkefnum en í kjölfar þess að ekki kom til þess að stofnunin fengi svonefndan IPA¹ styrk frá Evrópusambandinu hefur áætluninni verið breytt og dregið úr umfangi hennar. Sjá nánari umfjöllun um umbótaáætlunina í kafla 5.1.

Á síðari hluta árs 2010 var unnið sjálfsmat hjá stofnuninni á grundvelli þágildandi kjarnaviðmiða um árangursríkt bankaeftirlit² (e. *Basel Core Principles for Effective Banking Supervision*) og á vormánuðum 2011 framkvæmdi Pierre-Yves Thoraval ytra mat á sjálfsmati stofnunarinnar samkvæmt viljayfirlýsingu³ stjórnvalda til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Á síðari hluta ársins 2013 hófst undirbúningur að annarri úttekt Alþjóða gjaldeyrissjóðsins með sjálfsmati á grundvelli endurskoðaðra kjarnaviðmiða um árangursríkt bankaeftirlit. Úttektin sjálf fór fram í marsmánuði og er niðurstöðu hennar að vænta í sumarbyrjun.

Fjármálaeftirlitið hefur tekið þátt í samningu lagafrumvarpa og setningu reglugerða í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneyti og unnið markvisst að því að setja reglur og leiðbeinandi tilmæli í samræmi við hlutverk sitt. Um er að ræða á þriðja tug reglna og leiðbeinandi tilmæla sem stefnt er að því að ljúka á árinu en flestar þeirra eru tilkomnar vegna nýrra laga. Þá vinnur stofnunin að innleiðingu á Solvency II tilskipun Evrópusambandsins sem mun breyta starfsumhverfi váttryggingafélaga töluvert. Auk þess er unnið að innleiðingu á CRD IV tilskipuninni⁴ og CRR reglugerð⁵ og tæknistöðlum sem þeim fylgja, en CRD IV löggjöfin mun í

¹ IPA (e. *Instrument for Pre-Accession Assistance*) er styrkur sem Evrópusambandið veitir þeim ríkjum sem sótt hafa um aðild og er ætlað að auðvelda tilvonandi aðildarríkjum að undirbúa þær breytingar sem aðild hefur í för með sér.

² Kjarnaviðmið um árangursríkt bankaeftirlit eru lágmarksviðmið fyrir eftirlit með bönkum og bankakerfum. Tilgangur þeirra er m.a. að samræma bankaeftirlit milli landa og gera eftirlitsstofnunum kleift að framkvæma sjálfsmat á starfsemi sinni. Þessi viðmið eru einnig notuð af Alþjóðagjaldeyrissjóðum og Alþjóðabankanum í tengslum við matsáætlun fyrir fjármálamarkaðinn, til að leggja mat á kerfi og aðferðir við bankaeftirlit. Nánari upplýsingar má finna á slóðinni: <http://www.bis.org/publ/bcbs129.htm>

³ Yfirlýsing íslenskra stjórnvalda til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins („*letter of intent*“ frá 16. ágúst 2011).

⁴ DIRECTIVE OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL on the access to the activity of credit institutions and the prudential supervision of credit institutions and investment firms and amending Directive

heild sinni hafa umfangsmiklar breytingar í för með sér á starfsemi fjármálafyrirtækja og þar með eftirlitsverkefni. Innleiðing reglugerðar um skortsölu⁵, reglugerðar sem felur í sér breytingar á grunnumgjörð á verðbréfamarkaði vegna afleiðuviðskipta (EMIR)⁷ og tilskipunar um fagfjárfestasjóði (AIFMD)⁸ mun einnig fela í sér fjölda verkefna og skyldur fyrir Fjármálaeftirlitið.

Meðal annarra áherslna má nefna að Fjármálaeftirlitið vinnur í samstarfi við Seðlabanka Íslands að mati á áhættum og stöðu fjármálakerfisins í heild, með tilliti til fjármálastöðugleika. Þá hefur skráðum félögum á verðbréfamarkaði á síðustu misserum fjölgað og velta viðskipta aukist. Verðbréfamarkaðurinn er því vaxandi og þörf á eftirliti hefur aukist á ný, auk þess sem Fjármálaeftirlitið yfirfer og staðfestir lýsingar Að öðru leyti skipuleggur eftirlitið störf sín í samræmi við eftirlitsstefnu sína um áhættumiðað eftirlit.

4 Áherslur nýliðinna ára

Síðastliðin þrjú ár hefur Fjármálaeftirlitið markvisst unnið að því að styrkja innra skipulag stofnunarinnar og hafa niðurstöður innlendra og erlendra skýrslna og úttekta einkum verið hafðar til hliðsjónar. Þar á meðal eru skýrslur Kaarlo Jännäri til forsætisráðuneytisins (*mars 2009*), skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis (*apríl 2010*) og skýrsla Pierre-Yves Thoraval til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins (*apríl 2011*). Gagnrýni skýrslanna beindist helst að eftirfarandi þáttum: Verkerla og áhættumatskerfi hafi skort, skilvirkni og forgangsröðun verkefna hafi verið ábótavant, vöntun hafi verið á eftirfylgni, starfsmannavelta hafi verið mikil og stjórnskipulag ófullnægjandi.

Í kjölfar framangreindrar gagnrýni var ný stefna mótuð fyrir Fjármálaeftirlitið og skipuriti stofnunarinnar breytt. Jafnframt var unnin yfirgripsmikil umbótaáætlun þar sem lögð var áhersla á þá þætti sem helst voru gagnrýndir. Sjá nánari umfjöllun um umbótaáætlunina í kafla 5.1.

2002/87/EC of the European Parliament and of the Council on the supplementary supervision of credit institutions, insurance undertakings and investment firms in a financial conglomerate.

⁵ REGULATION OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL on prudential requirements for credit institutions and investment firms.

⁶ Regulation (EU) No 236/2012 of the European Parliament and of the Council of 14 March 2012 on short selling and certain aspects of credit default swaps.

⁷ Regulation (EU) No 648/2012 of the European Parliament and of the Council of 4 July 2012 on OTC derivatives, central counterparties and trade repositories.

⁸ DIRECTIVE 2011/61/EU OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL of 8 June 2011 on Alternative Investment Fund Managers and amending Directives 2003/41/EC and 2009/65/EC and Regulations (EC) No 1060/2009 and (EU) No 1095/2010.


4.1 Stefna Fjármálaeftirlitsins

Í stefnu Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2010 koma fram áherslur stofnunarinnar og framtíðarsýn. Þar segir að Fjármálaeftirlitið þurfi að stuðla að því að fjármálastofnanir hagi rekstri sínum í samræmi við samfélagslegt hlutverk sitt, samkvæmt þeim leikreglum sem þeim eru settar í lögum. Þar segir jafnframt að öflugur fjármálamarkaður sé þjóðfélagslega mikilvægur og Fjármálaeftirlitið telji mikilvægt að hafa jákvæð áhrif á þróun markaðarins og stuðla að fjármálastöðugleika. Sagan hafi sýnt að hefðbundið eftirlit með formaskilyrðum laga dugi ekki eitt og sér til að ná ofangreindum markmiðum. Fjármálaeftirlitið telji mikilvægt að hafa jákvæð áhrif á þróun markaðarins og stuðla að traustum fjármálamarkaði.

4.2 Breytt skipulag

Haustið 2011 var ráðist í undirbúning umfangsmikilla skipulagsbreytinga innan Fjármálaeftirlitsins með þátttöku fjölda starfsmanna. Nýtt skipulag var innleitt í byrjun árs 2012.

Fimm eftirlitssvið voru lögð niður og þrjú ný stofnuð, vettvangs- og verðbréfaeftirlit, eftirlit og greiningar (sjá mynd 1). Áhersla var lögð á verkefna- og ferlamiðað skipulag þvert á eftirlitsskylda aðila en fyrra skipulag tók mið af skiptingu fjármálamarkaðarins. Markmið skipulagsbreytinganna var að auka skilvirkni og samhæfingu í starfseminni ásamt því að auka sveigjanleika og hámarka nýtingu mannaúðs.



Mynd 1. Skipulag Fjármálaeftirlitsins

Auk eftirlitssviða eru þrjú stoðsvið: rekstur, mannaúður og upplýsingatækni, auk sviðs yfirlögfræðings og skrifstofu forstjóra.

Vettvangs- og verðbréfaeftirlit

Starfsemin skiptist í vettvangseftirlit, verðbréfamarkaðseftirlit og rannsóknir.

Hlutverk vettvangseftirlits er að framkvæma vettvangsathuganir á starfsstöðvum eftirlitsskyldra aðila sem beinast að öllum þáttum í starfsemi þeirra eftir nánari ákvörðun hverju sinni.

Verðbréfamarkaðseftirlit hefur eftirlit með viðskiptum og starfsemi á verðbréfamarkaði. Í því felst meðal annars eftirlit með fjárfestavernd, upplýsingaskyldu útgefenda, yfirtökuskyldu, markaðsmisnotkun, innherjasvikum, meðferð innherjaupplýsinga, yfirferð og staðfesting lýsinga útgefenda og fleira.

Þá er starfrækt teymi innan sviðsins sem sinnir frumrannsóknum meintra brota á lögum um starfsemi á fjármálamarkaði.

Eftirlit

Eftirlit er stærsta svið Fjármálaeftirlitsins en starfsemi sviðsins lýtur að reglubundnu eftirliti með eftirlitsskyldum aðilum. Sviðið skiptist í fjárhagslegt eftirlit, lagalegt eftirlit og sértæk lagaleg málefni.

Fjárhagslegt eftirlit sinnir eftirliti með fjármálafyrirtækjum, lífeyrissjóðum, verðbréfasjóðum, váttryggingamiðlurum og váttryggingafélögum. Hlutverk sviðsins er að hafa yfirsýn yfir áhættu og stöðu hvers og eins eftirlitsskylds aðila. Starfsmenn einingarinnar eru leiðandi í SREP ferli fyrir banka og sparisjóði, með það að markmiði að ákveða hversu mikið eigið fé fjármálafyrirtæki þurfi að binda til að mæta áhættum sínum. Auk þess lúta verkefni starfsmanna m.a. að yfirferð á skýrslum, sértækum athugunum og mati á hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra.

Lagalegt eftirlit sér um afgreiðslu starfsleyfisumsókna, tilkynningar um virka eignarhluti, beiðni um samþykki fyrir samruna og yfirfærslu rekstrarhluta, beiðni um samþykki á reglubreytingum, sértækum athugunum á peningabætti, staðfestingu útvistunarsamninga og fleira.

Teymi um sértæk lagaleg málefni var sett á fót til að mæta þeim miklu kröfum sem gerðar eru til Fjármálaeftirlitsins varðandi innleiðingu tilskipana og reglugerða Evrópusambandsins. Þá hefur orðið mikil fjölgun lagaákvæða sem leggja skyldur á Fjármálaeftirlitið að gefa út reglur um fjölmörg málefni. Að auki gefur Fjármálaeftirlitið út leiðbeinandi tilmæli sem varða m.a. túlkun réttarheimilda. Starfsmenn teymisins sinna jafnframt verkefnum sem snúa að neytendavernd á fjármálamarkaði.

Greiningar

Hlutverk greiningasviðs er að greina helstu áhættuþætti einstakra geira fjármálamarkaðar, ásamt því að greina kerfisáhættu og þróun á fjármálamörkuðum. Greiningar veita upplýsingar út á við og til annarra starfseininga Fjármálaeftirlitsins um áhættu og ástand markaða. Sviðið gerir tillögur um breytingu á lögum og mótar reglur og leiðbeiningar er varðar stýringu á

áhættu á fjármálamarkaði. Þá mótar sviðið einnig aðferðafræði um hvernig áherslum í eftirliti innan stofnunarinnar skuli háttað.

Greiningarsvið skiptist upp í tvö teymi: áhættugreiningu og þjóðhagsvarúð. Helstu verkefni áhættugreiningar eru að greina áhættuþætti stærri aðila í fjármálakerfinu. Teymið ber ábyrgð á yfirferð umsóknar frá eftirlitsskyldum aðilum um notkun innri aðferða til stýringar áhættu ásamt stuðningi við mótun og tillögugerð um vettvangsathuganir. Þátttaka starfsmanna í alþjóðlegu samstarfi styður við greiningaverkefni og stefnumótunarverkefni teymisins. Með stefnumótun er átt við aðkomu að laga- og reglugerðarbreytingum, reglusetningum, leiðbeinandi tilmælum, leiðbeiningum og túlkunum, gagnasöfnun og viðmiðum um tæki til beitingar í eftirliti.

Helsta verkefni þjóðhagsvarúðar er greining á kerfisáhættu og þróun á markaði en þar falla undir þróun á vísam (*e. indicators*) til greiningar kerfisáhættu og þátttaka í og umsjón með greiningavinnu á grundvelli samstarfssamnings við Seðlabankann er snýr að fjármálastöðugleika. Þá má einnig nefna óregluleg verkefni sem fela í sér rýni á þjóðhagslega mikilvægum þáttum til stuðnings greiningum í tengslum við nefndarstarf ráðuneyta og Alþingis. Teymið ber einnig ábyrgð á framkvæmd og þróun álagsprófa innan FME ásamt eftirliti með álagsprófum eftirlitsskyldra aðila.

4.3 Alþjóðlegt samstarf

Íslenskt fjármálakerfi er þátttakandi í innri markaði Evrópu á sviði fjármálaþjónustu. Á grundvelli þátttöku okkar í Evrópska efnahagsvæðinu á stofnunin hlutdeild í starfi Evrópskra eftirlitsstofnana, enda stafa flest nýmæli í regluhverfi fjármálamarkaðarins frá þeim. Fjármálaeftirlitið er þannig áheyrnaraðili (*e. observer*) að eftirlitsstofnunum Evrópusambandsins er fjalla um verðbréfamarkað (*ESMA – European Securities and Markets Authority*), lánamarkað (*EBA – European Banking Authority*) og váttrygginga- og lífeyrissjóðamarkað (*EIOPA – European Insurance and Occupational Pensions Authority*). Þá tekur Fjármálaeftirlitið þátt í vinnuhópi vegna innleiðingar gerða á sviði fjármálaþjónustu á vegum EFTA/EES.

Fjármálaeftirlitið hefur einnig reglubundin samskipti við eftirlitsstofnanir á Norðurlöndum um ýmis málefni er varða þróun í fjármálastarfsemi og samþættingu eftirlits. Í kjölfar erfiðleika á fjármálamörkuðum hefur jafnframt verið stofnað til aukins samstarfs fjármálaeftirlita og seðlabanka innan Evrópu, og meðal Norðurlanda og baltnesku landanna sérstaklega, til að stuðla að fjármálastöðugleika.

4.4 Umbætur á regluverki og eftirliti með fjármálastarfsemi

Í skýrslu til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, *Heildarumgjörð um fjármálastöðugleika á Íslandi*, frá árinu 2012 gerði nefnd sérfræðinga margvíslegar tillögur um lagabætur til að stuðla að stöðugleika og hagkvæmni í fjármálakerfinu og gera það einfaldara og skilvirkara. Í

kjölfar þeirrar vinnu var unnið að gerð frumvarps til laga um stofnun fjármálastöðugleikaráðs sem nú hefur verið lagt fyrir Alþingi.⁹ Þá skipaði atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra tvær nefndir til að fylgja framangreindum tillögum eftir. Annars vegar nefnd sem semja á frumvarpsdrög um skila- og slitameðferð fjármálafyrirtækja, eiginfjárvæðing fjármálafyrirtækja, millibankaviðskipti og samspil innstæðutryggingakerfis og hugmynda um sérstakan skilasjóð. Hins vegar var skipuð nefnd sem falið hefur verið að semja frumvarp til laga um veitingu lána sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði. Upphaflega var gert ráð fyrir að nefndirnar myndu skila tillögum sínum á árinu 2013, en nú er gert ráð fyrir að frumvörpin verði lögð fram síðar á þessu ári. Við samningu frumvarpanna verður höfð hliðsjón af viðamiklum drögum að tilskipunum ESB um skila- og slitameðferð fjármálafyrirtækja (RRD)¹⁰ og tilskipun um veitingu fasteignaveðlána¹¹. Verði frumvörpin að lögum mun það hafa í för með sér aukin verkefni fyrir Fjármálaeftirlitið.

5 Megináherslur næstu ára

Á næstu árum mun Fjármálaeftirlitið leggja megináherslu á að ljúka innri uppbyggingu stofnunarinnar með innleiðingu áhættumiðaðs eftirlits og skilvirkra gagnaskila í samstarfi við eftirlitsskylda aðila ásamt því að auka gagnsæi og traust á stofnuninni. Fjármálaeftirlitið er hluti af alþjóðlegu umhverfi á sínu sviði og þá sérstaklega vegna aðildar Íslands að EES-samningnum. Kröfur frá evrópskum eftirlitsstofnunum hafa aukist til muna og er ljóst að alþjóðlegt samstarf mun fá aukið vægi á næstu árum. Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á áframhaldandi gott samstarf við Seðlabanka Íslands annars vegar við mat á kerfisáhættu og fjármálastöðugleika og hins vegar við viðlagaáætlanir og viðlagaæfingar.

5.1 Umbótaáætlun stofnunarinnar

Megináherslur í innri starfsemi Fjármálaeftirlitsins byggja á aðgerðaráætlun sem unnin var í kjölfar úttektar erlendra aðila á starfseminni og var samþykkt af stjórn stofnunarinnar í ágúst 2011. Eins og að framan greinir var í fyrstu gert ráð fyrir að nýta IPA styrk Evrópusambandsins til að fjármagna verkefni umbótaáætlunarinnar. Eftir að í ljós kom, á árinu 2013, að af honum gæti ekki orðið hefur upphafleg áætlun verið endurskoðuð og forgangsröðun á verkefnum endurmetin. Umbótaverkefni eru fjögur og er vinna við þrjú þeirra þegar hafin og stefnt að því að hefja vinnu við það fjórða í upphafi árs 2015. Áætlanir miða að því að öllum verkefnum verði lokið við árslok 2015, þar af einu við lok árs 2014. Um er að ræða umfangsmikil verkefni sem munu hafa mikil áhrif á starfsemi

⁹ Frumvarp til laga um fjármálastöðugleikaráð. Lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014.): <http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=143&mnr=426>.


¹⁰ Proposal for a DIRECTIVE OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL establishing a framework for the recovery and resolution of credit institutions and investment firms and amending Council Directives 77/91/EEC and 82/891/EC, Directives 2001/24/EC, 2002/47/EC, 2004/25/EC, 2005/56/EC, 2007/36/EC and 2011/35/EC and Regulation (EU) No 1093/2010.

¹¹ Directive 2014/17/EU of the European Parliament and of the Council of 4 February 2014 on credit agreements for consumers relating to residential immovable property and amending Directives 2008/48/EC and 2013/36/EU and Regulation (EU) No 1093/2010.

Fjármálaeftirlitsins.

Stýrihópur umbótaverkefna ber, ásamt forstöðumanni umbótaverkefna, ábyrgð á framkvæmd verkefnanna (*sjá mynd 2*). Mikil áhersla hefur verið lögð á framvindu þessara verkefna sem hafa það sameiginlega markmið að hámarka nýtingu fjármuna og mannafla stofnunarinnar.

Tafla 2. Skipulag umbótaverkefna



Mynd 2. Skipulag umbótaverkefna

Umræddar umbætur felast í innleiðingu verkefna- og ferlamiðaðs skipulags, uppbyggingu áhættumiðaðs eftirlits, endurskipulagningu gagnaskila eftirlitsskyldra aðila til Fjármálaeftirlitsins og þróun á upplýsinga- og skjalastjórnun stofnunarinnar. Nánar er fjallað um verkefnin hér á eftir.

Samræmt verklag

Verkefnið felur í sér að móta, innleiða og festa í sessi ferlaskipulag og skjalfest verklag í allri starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Verkefninu er ætlað að stuðla að því að stofnunin geti ávallt sinnt eftirlitshlutverki sínu og öðrum lögbundnum hlutverkum á faglegan, gagnsæjan, virkan og árangursríkan hátt. Markmiðið er að samræma verklag við framkvæmd eftirlits og að tryggja samræmi og rekjanleika í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Hluti verkefnisins felur einnig í sér áform um að uppfylla skilyrði alþjóðlegra kjarnaviðmiða um árangursríkt bankaeftirlit (e. *Basel Core Principles for Effective Banking Supervision*).

Áhættumiðað eftirlit

Tilgangur verkefnisins er að móta, innleiða og festa í sessi áhættumiðað eftirlit með eftirlitsskyldum aðilum ásamt reglubundnu áhættumati á íslensku fjármálakerfi. Verkefninu er ætlað að stuðla að því að eftirliti verði forgangsraðað og það skipulagt í samræmi við metna áhættu og áhrifavægi eftirlitsskylds aðila í tengslum við fjármálalegan stöðuleika og

neytendur. Enn fremur að eftirlitið fari fram með hámarksnýtingu mannafla og fjármagns sem er til ráðstöfunar hverju sinni. Verkefnið er tvíþætt, annars vegar mótun og þjálfun í aðferðafræði áhættumiðaðs eftirlits og hins vegar innleiðing tölvukerfis fyrir áhættumat.

Gagnaskil

Tilgangur verkefnisins er að skilgreina hlutverk og ferli tengd gagnaskilum, að bæta gæði gagna og samræma nýtingu þeirra sem safnað er, auk þess að auka skilvirkni í eftirliti með betri greiningum byggðum á réttari gögnum. Markmið verkefnisins er að gera ferlið markvissara og skilvirkara og færast frá áherslum á skýrsluskil yfir í rafræn gagnaskil. Það leiðir af sér auknið hagræði og sparnað bæði fyrir eftirlitsskylda aðila og stofnunina.

Upplýsinga- og skjalastjórnun

Tilgangur verkefnisins er að móta, innleiða og festa í sessi skilvirka upplýsinga- og skjalastjórnun. Þetta verður gert með því að innleiða aðferðafræði og kerfi sem býður upp á betri samþættingarmöguleika en áður við önnur kerfi Fjármálaeftirlitsins, ásamt betri möguleikum í tengslum við hópvinnu og skjalastýringu. Áætlað er að verkefnið hefjist í upphafi árs 2015.

5.2 Innleiðing tilskipana, reglugerða og tæknistaðla vegna EES

Fjármálaeftirlitið gegnir bæði hlutverki eftirlits- og reglusetningaraðila. Mikil og hröð þróun hefur átt sér stað í löggjöf Evrópusambandsins á fjármálamarkaði í kjölfar alþjóðlegu banka- og fjármálakreppunnar. Vegna aðildar að EES-samningnum ber Íslandi að taka upp í íslenskan rétt efni tilskipana, reglugerða og tæknistaðla varðandi fjármálamarkaðinn sem samþykktar eru á veltvangi Evrópusambandsins. Þessi krafa er óháð fjölda eftirlitsskyldra aðila eða stærð fjármálamarkaðarins. Fjármálaeftirlitinu hefur í lögum verið falið umfangsmikið hlutverk við setningu reglna af þessu tagi auk þess sem leitað er til stofnunarinnar um þátttöku í þróun löggjafar á sviði fjármálaþjónustu. Þá er mikilvægt að leiðbeina fyrirtækjum á fjármálamarkaði um túlkun á fyrirliggjandi lögum, reglugerðum og reglum með útgáfu leiðbeinandi tilmæla.

Um þessar mundir vinnur Fjármálaeftirlitið að undirbúningi á innleiðingu Solvency II tilskipunar Evrópusambandsins sem mun gjörbreyta starfsumhverfi váttryggingafélaga. Innleiðingin mun krefjast mikils vinnuframlags starfsmanna Fjármálaeftirlitsins, meðal annars við að undirbúa nauðsynlegar breytingar á tilhögun eftirlits og að miðla upplýsingum um breytingarnar til váttryggingafélaga. Þá vinnur Fjármálaeftirlitið að innleiðingu á CRD IV löggjöfinni, þ.e. samnefndri tilskipun¹² og CRR reglugerðinni¹³ sem mun hafa í för með sér

¹² DIRECTIVE OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL on the access to the activity of credit institutions and the prudential supervision of credit institutions and investment firms and amending Directive 2002/87/EC of the European Parliament and of the Council on the supplementary supervision of credit institutions, insurance undertakings and investment firms in a financial conglomerate.

viðamiklar breytingar vegna breytinga á samsetningu eiginfjárgrunns, aukinna gagnaskila og áhættumiðaðs eftirlits með fjármálafyrirtækjum. Innleiðing tilskipunar um fagfjárfestasjóði (AIFMD)¹⁴ mun einnig leiða til aukins og breytts eftirlits með fagfjárfestasjóðum. Þá eru fyrirbyggjandi umfangsmiklar breytingar á verðbréfamarkaði með innleiðingu reglugerða Evrópusambandsins um skortsölu og breytingar á grunnnumgjörð á verðbréfamarkaði vegna afleiðuviðskipta. Vegna nýrra laga um greiðsluþjónustu og meðferð og útgáfu rafeyris er þörf á að setja frekari reglur þar um, auk þess sem þegar er unnið að endurskoðun tilskipunar um greiðsluþjónustu.

Öllum ofangreindum gerðum fylgir fjöldi tæknistaðla sem innleiða þarf hér á landi, auk svokallaðra framseldra reglugerða (e. *delegated act*) sem unnar eru á vegum Framkvæmdastjórnar ESB. Bæði tæknistaðlar og framseldar reglugerðir geta falið í sér sértækt og viðamiklæð efni sem krefst mikils vinnuframlags frá þeim aðilum innan Fjármálaeftirlitsins sem búa yfir viðeigandi sérfræðiþekkingu. Þessar gerðir eru misflóknar og umfangsmiklar, en viðamestu gerðirnar geta verið um 2000 bls. og munu þær taka nokkur ár í innleiðingu, á meðan aðrar eru umfangsminni.

6 Rekstraráætlun fyrir árið 2015

Rekstraráætlun ársins 2015 tekur mið af megináherslum í stefnu stofnunarinnar og þeim markmiðum sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. Í töflu 2 er að finna rekstrar- og tekjuáætlun fyrir árið 2015, endurskoðaða rekstraráætlun fyrir árið 2014 og til samanburðar lykiltölur úr rekstri 2013. Í töflunni er að finna áætlaða álagningu eftirlitsgjalds 2015.

¹³ REGULATION OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL on prudential requirements for credit institutions and investment firms.

¹⁴ DIRECTIVE 2011/61/EU OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL of 8 June 2011 on Alternative Investment Fund Managers and amending Directives 2003/41/EC and 2009/65/EC and Regulations (EC) No 1060/2009 and (EU) No 1095/2010.

Tafli 3. Rekstraráætlun fyrir árið 2015, áætlun afkoma 2014 og rauntölur 2013

Rekstrarkostnaður	Rekstur 2013	Endurskoðuð áætlun 2014	Áætlun 2015	Br. %
Laun	1.341.535.231	1.499.544.563	1.588.733.391	5,9%
Ferða og fundakostnaður	88.326.041	110.243.932	113.000.030	2,5%
Rekstrarvörur	32.127.192	31.100.000	31.877.500	2,5%
Aðkeypt þjónusta	172.489.672	206.226.526	207.282.189	0,5%
Húsnæði	90.323.919	94.370.000	96.729.250	2,5%
Rekstrarkostnaður	11.399.632	11.715.864	12.008.761	2,5%
Varúðarfærsla vegna krafna á fallin fjármálaft.	151.912.172	-79.000.000	-63.000.000	-20,3%
Gjöld alls	1.888.113.859	1.874.200.885	1.986.631.122	6,0%
Tekjur				
Álagt eftirlitsgjald	1.751.593.000	1.581.600.000	1.636.956.000	3,5%
Vaxtatekjur netto	43.796.753	22.380.000	11.493.732	-48,6%
Aðrar tekjur	29.297.826	70.000.000	71.750.000	2,5%
Tekjur alls	1.824.687.579	1.673.980.000	1.720.199.732	2,8%
Tekjuafgangur	-63.426.280	-200.220.885	-266.431.390	
Eigið fé í árslok	559.482.164	359.261.279	92.829.889	
- þar af sérstakur varasjóður	79.080.000	81.847.800	92.829.889	
- hlutfall af eftirlitsgjaldi næsta árs	5,0%	5,0%	5,0%	

6.1 Helstu gjaldaliðir rekstraráætlunar 2015

Stærsti gjaldaliður stofnunarinnar er launakostnaður en auk þess vegur aðkeypt þjónusta, ferða- og fundakostnaður og húsnæðiskostnaður þungt í rekstri stofnunarinnar. Nánar er gerð grein fyrir helstu gjaldaliðum hér að neðan.

Launakostnaður

Mikilvægt er fyrir Fjármálaeftirlitið að hafa ávallt á að skipa öflugum, vel menntuðum og reyndum hópi þjálfara sérfræðinga. Starfsmannafjöldi ræður miklu um helstu rekstrarstærðir Fjármálaeftirlitsins, þ.e. laun og launatengd gjöld, starfsmannakostnað, húsnæðisþörf og umfang tölvubúnaðar.

Áætlunin gerir ráð fyrir að stöðugildi nemi um 122 á árinu 2015, en ráðningarsamningar verði við samtals 125 starfsmenn. Er þá miðað við að stofnuninni verði ekki falið aukið hlutverk eða ný verkefni.

Áætlaður launakostnaður nemur 1.588,7 m.kr. sem er um 5,9% meðaltalshækkun milli ára. Hækkunin byggir að hluta á áætlunum um 3,5% hækkun launa 1. apríl 2013 og 4% hækkun launa 1. janúar 2015. Samningar stéttafélaga eru lausir og nokkur óvissa um samningsbundnar launahækkunir.

Ferða- og fundakostnaður

Áætlað er að ferða- og fundakostnaður hækki um 2,5% milli ára, eða sem nemur áætlunum verðhækkunum og verði 113 m.kr. á árinu 2015. Stærsti einstaki kostnaðarliðurinn eru 42

m.kr. þátttökugjöld vegna alþjóðlegs samstarfs, m.a. IOPS, EBA, IEOPA, ESMA, IOSCO og LAIS. Ferða- og dvalakostnaður erlendis er áætlaður 37,4 m.kr. en funda- og námskeiðakostnaður um 29,3 m.kr.

Rekstrarvörur

Áætlað er að kostnaður vegna rekstrarvara hækki um 2.5% milli ára og nemi 31,9 m.kr. á árinu 2015. Um er að ræða 12,9 m.kr. skrifstofuvörur og áhöld, þar af um 7 m.kr. ljósritunar-, prent- og fjölritunarkostnað. Mötuneytiskostnaður er innifalinn í þessum lið og er áætlaður 13 m.kr., en gert er ráð fyrir að innheimta sambærilega fjárhæð af launum starfsmanna á móti.

Aðkeypt þjónusta

Áætlað er að kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu hækki eins og aðrir kostnaðarliðir um 2.5% milli ára, eða sem nemur áætluðum verðhækkunum. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður verði 207,3 m.kr.

Stærsti einstaki kostnaðarliðurinn er vegna hugbúnaðargerðar 95,3 m.kr. sem skiptist nokkurn veginn að jöfnu milli umbótaverkefna, sbr. umfjöllun framfarir í skýrslunni og áframhaldandi uppbyggingar upplýsingakerfa Fjármálaeftirlitsins. Í öðru lagi er önnur sérfræðiþjónusta áætluð tæpar 43 m.kr. Þar af er kostnaður vegna ráðgjafanefndar um hæfismót 8 m.kr., og aðkeypt þjónusta endurskoðenda, viðskipta- og hagfræðinga og annarra rekstrarráðgjafa 6,5 m.kr. Einnig er aðkeypt þjónusta lögfræðinga 16 m.kr., þýðingarkostnaður 4 m.kr. og ráðningaráðgjafar 3 m.kr. Þriðji einstaki þátturinn í aðkeyptri þjónustu er síma- og leigugjöld sem áætlað er að nemi um 64 m.kr. Þar af er stærsti einstaki liðurinn rúmlega 38 m.kr. vegna leyfisgjalda hugbúnaðar. Þar á eftir koma afnotagjöld af skrá og tölvupóstþjónustu 6,5 m.kr. og síma- og afnotagjöld af línunum um 11 m.kr. Að endingu er prent- og auglýsingakostnaður áætlaður rúmar 10 m.kr. undir liðnum aðkeypt þjónusta.

Húsnæðiskostnaður

Áætlað er að húsnæðiskostnaður hækki sem nemur áætluðum verðhækkunum, eða um 2,5% og nemi 94,3 m.kr. Þar af er húsaleiga og aðkeypt ræsting 90 m.kr.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður er áætlaður 12 m.kr. Þar af er áætlað að kaup á tölvubúnaði nemi tæpum 9 m.kr., kaup á síma- og fjarskiptabúnaði 1,2 m.kr. og húsbúnaði 2 m.kr.

Varúðarfærsla vegna krafna á fallin fjármálafyrirtæki

Frá og með árinu 2009 var lagt eftirlitsgjald á fallin fjármálafyrirtæki. Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins til þáverandi efnahags- og viðskiptaráðherra með rekstraráætlun ársins 2013 var getið um töluverð vanskil á þessum gjöldum. Heildarfjárhæð vanskila álagðra eftirlitsgjalda, sem að mestu greinist á fjóra aðila, nam í árslok 2013 um 153 m.kr. Þessar kröfur voru færðar til varúðar í ársuppgjöri 2013. Hins vegar er í endurskoðaðri áætlun ársins 2014 gert ráð fyrir endurheimtu þessara fjármuna að mestu leyti í ljósi dóma er féllu í ársbyrjun 2014. Þannig er gert ráð fyrir í áætlun ársins 2015 að 63 m.kr. fái endurgreiddar og komi til lækkunar á rekstrarkostnaði ársins 2015. Þessari fjárhæð verður að taka með

þeim fyrirvara að ekki er ljóst hvort sá aðili sem hér um ræðir hafi þá fjármuni á reiðum höndum þegar á reyni.

Rekstrargjöld alls

Samtala gjaldaliða er áætluð 1.986,6 m.kr. á árinu 2015 samanborið við 1.874,2 m.kr. áætlaðan kostnað ársins 2014 eftir endurskoðun áætlunar. Hækkunin milli ára er 112,4 m.kr. eða 6,0%.

6.2 Helstu tekjuliðir, ákvörðun eftirlitsgjalds, rekstrarniðurstaða og eigið fé.

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferðir leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang fyrri ára gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2013 var eigið fé stofnunarinnar jákvætt um 559,5 m.kr. Eigið fé í lok árs kemur til lækkunar á eftirlitsgjaldi samkvæmt ákvæði laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þá segir jafnframt í 3. gr. framangreindra laga að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að mynda varasjóð (eigið fé) sem nemi að hámarki 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi næsta árs og sé heimilt að nýta til fjármögnunar á útgjöldum umfram áætlanir vegna ófyrirséðra atvika.

Eftirlitsgjald ársins 2014 er 1.581,4 m.kr. skv. fjárlögum sem Alþingi samþykkti í desember 2013. Eigið fé, eða varasjóður í árslok 2013 má því að hámarki nema 79.070 þús.kr. Vegna uppsafnaðs tekjuafgangs fyrri ára nemur eigið fé í árslok 2013 samtals 559,5 m.kr. sbr. framanritað.

Að framansögðu hefur því í tvígang verið lögð til lækkun eftirlitsgjalds (markaðra tekna) milli ára, fyrst um 6,8% fyrir árið 2013 og aftur 9,7% fyrir árið 2014, þar sem markmiðið var að lækka eigið fé í lögbundið hámark þess skv. lögum.

Samkvæmt rekstraráætlun fyrir árið 2015 er gert ráð fyrir að eftirlitsgjald hækki einungis um 3,5% milli ára og nemi 1.637 m.kr., en heildartekjur Fjármálaeftirlitsins nemi þannig í árslok 2015 um 1.720,2 m.kr. Heildartekjur skiptast í framangreint eftirlitsgjald en til viðbótar vaxtatekjur sem áætlaðar eru 11,5 m.kr. og 72 m.kr. aðrar tekjur. Aðrar tekjur eru meðal annars þjónusta sem stofnuninni er heimilt að endurkrefja samkvæmt gjaldskrá, útlagður kostnaður úrskurðarnefnda og endurkrafinn kostnaður, s.s. vegna mótuneytis.

Að teknu tilliti til 1.637 m.kr. áætlaðra heildartekna árið 2015 og 1.986,6 m.kr. áætlaðs rekstrarkostnaðar, er gert ráð fyrir að rekstrarafkoma verði neikvæð sem nemi 266,4 m.kr. á árinu 2015. Þannig lækki eigið fé lækki samsvarandi og nemi 92,8 m.kr. í árslok 2015 eða sem næst 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi ársins 2016.

6.3 Áætlað eftirlitsgjald 2015

Samkvæmt lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, skulu eftirlitsskyldir aðilar og aðrir gjaldskyldir aðilar sem tilgreindir eru í lögnum standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins með sérstöku eftirlitsgjaldi. Eins og að framan greinir gera áætlanir ráð fyrir að það nemi um 1.637 m.kr. á árinu 2015.

Tekjur stofnunarinnar byggja að langmestu leyti á þessu gjaldi. Lögin heimila stofnuninni þó einnig í ákveðnum tilvikum að taka gjald samkvæmt gjaldskrá, sem hún setur, fyrir nauðsynlegt umframeftirlit og fyrir afgreiðslu og skráningu sértækrar staðfestingar og mats sem leiðir af starfsemi. Þá eru einnig í lögnum ákvæði um fastagjöld fyrir afgreiðslu umsókna um starfsleyfi.

Í töflu 4: *Tekjuáætlun 2015 – Áætluð álagning eftirlitsgjalds*, sem er að finna á næstu síðu er sýnd tillaga Fjármálaeftirlitsins um skiptingu eftirlitsgjalds á árinu 2015 milli flokka eftirlitsskyldra aðila. Ennfremur eru þar álagningarstofnar gjaldsins og tillögur gerðar um breytingar á álagningarhlutföllum. Þá eru þar þau lágmarks- og fastagjöld sem lagt er til að verði breytt. Í töflunni er einnig sýnd sambærileg hlutfallsskipting álagðs eftirlitsgjalds á árinu 2014 ásamt gildandi álagningarhlutföllum og lágmarks- og fastagjöldum.

Með hliðsjón af því sem að framan greinir er nú lagt til að álagningarhlutföll breytist mjög óverulega og haldist að mestu óbreytt milli ára. Fjármálaeftirlitið telur ekki tilefni til að leggja til almennar breytingar á lágmarks- og fastagjöldum eftirlitsgjalda vegna rekstraráætlunarinnar fyrir árið 2015. Undanskilin eru þó þrepaskipt fastagjöld lífeyrissjóða og fastagjöld á fallin fjármálafyrirtæki.

Tafla 4. Tekjuáætlun 2015 - Áætluð álagning eftirlitsgjalds:

Fjármálaeðirlit	Tímabil mátt. í 1. mör. 5 gr. laga nr. 99/1999	Álagning í íngar stöðv.	Álagd eftirlits- gjald í íngar stöðv. 2014	Hlutfræslag skipting álagðs eftirlitsgjalds 2014	Álagningar- stöðvar samtakæmt áhræðningum 2013	Tiltegur um lágmarks- og fastagjöld 2015	Gildandi lágmarks og fastagjöld 2014	Tiltegur um álagningar- húðoll -% vegrna ársins 2015	Gildandi álagningar húðoll -% 2014	Áætlun álagning ársins 2015 ¹⁾	Hlutfræslag skipting áætlunar álagningar 2015
Lánastofnanir	18	e	664.210	55,0	3.201.369.777	1000	1000	0,0277	0,0283	892.343	54,7
Váðskiptabankar	18	e	821.341	32,3	3.014.921.758	1000	1000	0,0251	0,0256	836.133	51,7
Spáskiptabankar	18	e	14.882	0,9	57.756.748	1000	1000	0,0251	0,0256	14.918	0,9
Lánveittækni (sú þó Lsg sveitarfél. neðar í tölu)	18	e	27.987	1,8	128.652.256	1000	1000	0,0251	0,0256	32.292	2,0
Gjafgjöld	18	e	1.000	0,1	519.226	1000	1000	0,0251	0,0256	1.000	0,1
Várhjóningartíðing	2	l	182.599	10,4	51.141.585	1000	1000	0,3140	0,3170	183.041	10,1
Várhjóningarmarkaðar	3	l	6.229	0,4	2.357.804	450	450	0,1720	0,1750	7.008	0,4
Væðingarmarkaðar	4	e	20.692	1,3	3.174.209	1000	1000	0,4900	0,5000	19.469	1,2
Væðingarmarkaðar	5	e	1.200	0,1	107.570	600	600	0,4900	0,5000	1.200	0,1
Væðingarmarkaðar	6	e	106.912	6,8	365.946.374	1000	1000	0,0300	0,3100	112.305	7,0
Réttstæðing	6	e	106.912	6,8	365.946.374	1000	1000	0,0300	0,3100	112.305	7,0
- Færðingarmarkaðar - ígá 12/02/11	6	hl	24.770	1,5	141.692.804	150	200	0,0133	0,0135	29.873	1,6
Væðingarmarkaðar	7	l	3.921	0,2	591.803	600	600	0,7000	0,7000	4.143	0,2
Kauphættur	8	l	4.005	0,2	482.008	600	600	0,8000	0,8000	3.856	0,2
Lánveittækni	9	hl	239.431	15,2	2.559.891.730	450	450	0,0097	0,0100	258.009	16,0
Ínntáknstæðing	10	l	450	0,0		450	450			450	0,0
Ínntáknstæðing	11	e	52.564	3,3	862.347.023	1000	1000	0,0059	0,0060	50.914	3,2
Lánveittækni sveitarfélaga	12	e	5.617	0,4	77.094.876	600	600	0,0078	0,0080	6.013	0,4
Tryggingarsjóður innslæðingenda og hjórt og öryggissjóður svk. l. um innslæðingendur	13	f	1.000	0,1		500	500			1.000	0,1
Alþingisráð innslæðingenda svk. l. nr. 95/2008	14	f	3.500	0,2		700	700			3.500	0,2
Eftirlit vörsluabíla sverngjafspámarkaðar	f	f	3.200	0,2		1800	1800			3.200	0,2
Eignarhlutfélag svk. 4. mgr. 5. gr.	f	f	18.000	1,1		1500	1500			18.000	1,1
Ungendur hlutabréfa og skuldabréfa	f	f	51.610	3,3						53.050	3,3
Samtals			1.570.810	100,0						1.614.375	100,0
Fjármálaeftirlit undir skilanahlutum o.ú. 3		f	26.000			0,5-3 m.kr.	0,5-3 m.kr.			23.000	
Alfs			1.596.810							1.637.375	

- 1) Eignir samtals - tækrastærkur - séu þær einar til greiddur eftir innviðing fastagjalds, með einni egn.
- 2) Tækrastærkur - séu þær einar til greiddur eftir innviðing fastagjalds, með einni egn.
- 3) Færðingarmarkaðar - séu þær einar til greiddur eftir innviðing fastagjalds, með einni egn.
- 4) Færðingarmarkaðar - séu þær einar til greiddur eftir innviðing fastagjalds, með einni egn.
- 5) Færðingarmarkaðar - séu þær einar til greiddur eftir innviðing fastagjalds, með einni egn.

6.4 Rekstrarsýn til lengri tíma: 2016–2018

Við gerð rekstraráætlunar 2015, var jafnframt horft til þess hvernig fimm ára langtímaáætlun gæti litið út. Leitast var við að draga upp mynd af því hvernig eftirlitsgjaldið muni þróast á komandi árum miðað við þá samfellu og jafnvægi sem Fjármálaeftirlitið telur að komið sé í starfsemi þess. Í töflu 5 hér að neðan má sjá þessa langtímasýn, þar sem horft er sérstaklega til áraanna 2016-2018.

Gert er ráð fyrir að umbótaverkefni (áður IPA) ljúki í árslok 2016 eða þar um bil. Gera má ráð fyrir að stöðugildum fækki eitthvað í kjölfarið og er áætlað að nettó launakostnaður lækki um 3,9% milli áraanna 2015 og 2016. Annar rekstarkostnaður er áætlaður því sem næst óbreyttur milli ára og áætlað að heildarkostnaður nemi þannig samtals um 1.950 m.kr. Þá nemi aðrar tekjur 73,5 m.kr. og fjármagnsliðir 3 m.kr. Til þess að ná jafnværi í afkomu verður að gera ráð fyrir að eftirlitsgjaldið 2016 hækki um 14,5% og verði sem næst 1.873,5 m.kr. og eigið fé (varasjóður) haldist því sem næst óbreytt frá fyrra ári, eða sem næst 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi næsta árs.

Á árunum 2017 og 2018 er gert ráð fyrir samfellu í rekstri Fjármálaeftirlitsins. Tekjur og gjöld haldist í hendur og eftirlitsgjald hækki sem nemur áætluðum hækkunum verðlags og launa milli ára, en miðað er við 2,5% verðlagsbreytingu og jafnvægi milli almennra verðhækkana og launa.

Tafla 5. Rekstraráætlun 2016-2018

Rekstrarkostnaður	Áætlun 2016	Br. %	Áætlun 2017	Br. %	Áætlun 2018	Br. %
Laun	1.526.800.000	-3,9%	1.564.970.000	2,5%	1.604.094.250	2,5%
Ferða og fundakostnaður	115.825.031	2,5%	118.720.657	2,5%	121.688.673	2,5%
Rekstrarvörur	32.674.438	2,5%	33.491.298	2,5%	34.328.581	2,5%
Aðkeypt þjónusta	163.264.244	-21,2%	167.345.850	2,5%	171.529.496	2,5%
Húsnæði	99.147.481	2,5%	101.626.168	2,5%	104.166.822	2,5%
Rekstrarkostnaður	12.308.980	2,5%	12.616.704	2,5%	12.932.122	2,5%
Gjöld alls	1.950.020.173	-1,8%	1.998.770.678	2,5%	2.048.739.945	2,5%
Tekjur						
Álagt eftirlitsgjald	1.873.500.000	14,5%	1.920.337.500	2,5%	1.968.345.938	2,5%
Vaxtatekjur netto	2.967.927	-74,2%	3.042.125	2,5%	3.118.179	2,5%
Aðrar tekjur	73.543.750	2,5%	75.382.344	2,5%	77.266.902	2,5%
Tekjur alls	1.950.011.677	13,4%	1.998.761.969	2,5%	2.048.731.018	2,5%
Tekjuafgangur	-8.496		-8.708		-8.926	
Eigið fé í árslok	92.821.393		92.812.685		92.803.759	
- þar af sérstakur varasjóður	92.821.393		92.812.685		92.803.759	
- hlutfall af eftirlitsgjaldi næsta árs	4,8%		4,7%			

Umsögn

um frumvarp til laga um ýmsar forsendur
frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2015.

Frá meiri hluta velferðarnefndar.

Með tölvupósti dagsettu 8. október 2014 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn velferðarnefndar um þá þætti frumvarps til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2015 sem heyra undir málefnasvið velferðarnefndar. Með tilliti til afmörkunar á málefnasviði velferðarnefndar í 7. tölul. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, tók nefndin einkum til skoðunar I. og VIII. – XII. kafla frumvarpsins.

Nefndin fjallaði um málið á þremur fundum og fékk til fundar við sig Ólaf Darra Andra-son frá Alþýðusambandi Íslands, Kristinn Bjarnason og Döllu Ólafsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Björgu Ástu Þórðardóttur og Ólaf Stephensen frá Félagi atvinnu-rekenda, Eyjólf Eysteinnsson og Hauk Ingibergsson frá Landssambandi eldri borgara, Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Halldór Árnason frá Samtökum atvinnu-lífsins, Ágúst Þór Sigurðsson, Einar Magnússon, Einar Njálsson, Hönnu Sigríði Gunnsteins-dóttur, Jón Fannar Kolbeinsson og Sturlaug Tómasson frá velferðarráðuneyti og Gissur Pétursson og Vigni Örn Hafþórsson frá Vinnumálastofnun.

Skiptar skoðanir komu fram meðal gesta nefndarinnar á einstökum þáttum frumvarpsins. Meðal þess var gagnrýnt var frestun á framlagi ríkissjóðs til starfsendurhæfingarsjóða, sbr. 3. gr. frumvarpsins, og stytting bótatímabils atvinnuleysisbóta, sbr. X. kafla frumvarpsins. Í því tilliti kom meðal annars fram að stytting bótatímabils atvinnuleysisbóta gæti aukið útgjöld sveitarfélaga sökum aukinnar ásóknar í fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Fram kom að heimild fyrir Framkvæmdasjóð aldraðra til að nýta fjármuni sjóðsins í rekstur hjúkrunar-heimila, sbr. 13. gr. frumvarpsins, gæti rýrt getu hans til að standa að byggingu hjúkrunar-heimila. Þá komu fram áhyggjur af færslu S-merktra og leyfisskyldra lyfja, sem oft eru kostnaðarsöm lyf, undir hið almenna greiðsluþáttökukerfi lyfja, sbr. 19. gr. frumvarpsins.

Meiri hluti nefndarinnar telur tilefni til að efnahags- og viðskiptanefnd taki til athugunar fyrrgreind sjónarmið. Í þeim efnunum telur meiri hluti nefndarinnar sérstakt tilefni til að efnahags- og viðskiptanefnd kanni færslu S-merktra og leyfisskyldra lyfja undir hið almenna greiðsluþáttökukerfi lyfja. Að öðru leyti gerir meiri hluti velferðarnefndar ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

Alþingi, 19. nóvember 2014
Þórunn Egilsdóttir, varaform.
Birgir Ármannson.
Silja Dögg Gunnarsdóttir.
Unnur Brá Konráðsdóttir.
Brynjar Nielsson.

Fylgiskjal III.**Umsögn**

um frumvarp til laga um ýmsar forsendur
frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2015.

Frá minni hluta velferðarnefndar.

Minni hluti velferðarnefndar gerir verulegar athugasemdir við þær áherslur sem birtast í frumvarpinu. Frumvarpið boðar veikingu velferðarsamfélagsins. Í því felst að ríkið dragi úr framlögum sínum til velferðarmála. Þess í stað skal velta kostnaði á einstaklinga og skerða réttindi þeirra. Minni hlutinn telur þá þætti frumvarpsins sem lúta að málaflokkum nefndarinnar illa ígrundaða, ólíklega til að ná fram tilætluðum sparnaði í ríkisrekstri og til þess fallna að veikja stöðir velferðarkerfisins og bitna á þeim sem síst skyldi: atvinnulausum, öldruðum og sjúklingum.

Starfsendurhæfingarsjóðir.

Í frumvarpinu er lagt til að framlengja ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Í því felst niðurfelling á því framlagi ríkissjóðs til starfsendurhæfingarsjóða 2015 sem gert er ráð fyrir í 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. og 23. gr. a laga um tryggingagjald.

Líkt og lýst er í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, byggist framlag ríkissjóðs til starfsendurhæfingarsjóða á yfirlýsingum ríkisstjórna í tengslum við kjarasamninga 2008 og 2011. Framlag ríkissjóðs 2014 var fellt niður samkvæmt óformlegu samkomulagi við aðila vinnumarkaðar. Ekki liggur fyrir slíkt samkomulag nú og telur minni hlutinn alvarlegt að slíkar breytingar séu gerðar án samráðs.

Samkvæmt umsögn VIRK – starfsendurhæfingarsjóðs, eina starfandi starfsendurhæfingarsjóðs samkvæmt lögum um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, til efnahags- og viðskiptanefndar mun niðurfelling á framlagi ríkissjóðs 2015 fela í sér að sjóðurinn geti ekki á því ári tekið við einstaklingum sem ekki er greitt fyrir í sjóðinn. Fyrir vikið verði því ekki fyrir hendi eitt heildarkerfi atvinnutengdrar starfsendurhæfingar með jöfnum aðgangi fyrir alla einstaklinga sem þurfi á þjónustunni að halda. Minni hluti nefndarinnar er því á móti því að ríkissjóður felli niður framlög til starfsendurhæfingarsjóða 2015 enda mun það leiða til mismununar og veikja enn frekar stöðu fólks sem er utan vinnumarkaðar.

Framlög vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga.

Í 9. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ákvæði til bráðabirgða XVI í lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, verði framlengt. Ákvæðið byggist á 4. gr. viðauka við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða.

Fram hefur komið af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga að sveitarfélög telji þá hækkun álagningarhlutfalls útsvars sem fyrrnefnt bráðabirgðaákvæði mælir fyrir um ekki nægjanlega. Nú standi yfir viðræður um endurmat á faglegum og fjárhagslegum forsendum

yfirfærslunnar. Minni hluti velferðarnefndar leggur áherslu á að þeirri vinnu sé flýtt eftir því sem kostur er á, enda um mikið hagsmunamál fyrir fatlað fólk að ræða.

Framkvæmdasjóður aldraðra.

Í frumvarpinu er lagt til að framlengja ákvæði til bráðabirgða VII í lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, um að heimilt sé að verja fé úr Framkvæmdasjóði aldraða til að standa straum af rekstrarkostnaði hjúkrunarrýma fyrir aldraða, sbr. 13. gr. frumvarpsins.

Minni hluti nefndarinnar leggst gegn framlengingunni. Brýn þörf er á uppbyggingu dvalar- og hjúkrunarheimila fyrir aldraða. Nauðsynlegt er að nýta fé Framkvæmdasjóðs aldraða í því skyni til samræmis við lögbundið hlutverk sjóðsins, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga um málefni aldraðra. Það er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að fjármála- og efnahagsráðherra hefur lýst andstöðu við að áfram verði farin svokölluð leiguleið til að fjármagna uppbyggingu dvalar- og hjúkrunarheimila.

Atvinnuleysistryggingar.

Í frumvarpinu er lagt til að stytta það tímabil sem atvinnulausir eiga rétt á atvinnuleysisbótum um sex mánuði, úr þremur árum í tvö og hálf, sbr. X. kafla frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að skerðingin leiði til þess að útgjöld ríkisins vegna greiðslu atvinnuleysisbóta lækki um 1.130 millj. kr. á árinu 2015.

Skerðingin mun bitna á þeim hópi atvinnuleitenda sem skilgreinast sem langtímaatvinnulausir. Atvinnuleysi jókst mjög í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Sú aukning hefur ekki gengið að fullu til baka, þótt dregið hafi úr atvinnuleysi á síðustu árum. Hlutfall þeirra sem hafa verið í atvinnuleit lengur en 12 mánuði hefur hækkað í kjölfar hrunsins. Samkvæmt félagsvísu Hagstofu Íslands eru atvinnulausir ásamt öryrkjum og einstæðum foreldrum sá hópur samfélagsins sem er í mestri hættu á að líða skort á efnislegum lífsgæðum.¹ Árið 2013 bjuggu þannig 21,5% atvinnulausra við skort á efnislegum lífsgæðum. Stór hluti þess hóps sem missir rétt til atvinnuleysisbóta, verði af skerðingunni, mun þurfa að reiða sig á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Sú aðstoð nemur almennt lægri fjárhæðum en atvinnuleysisbætur og lýtur stífari skilyrðum. Verði af skerðingunni er því fyrirsjáanlegt að staða þessa fólks og fjölskyldna þeirra versni enn frekar. Þá stendur til að breytingarnar komi til framkvæmda með mjög stuttum fyrirvara. Atvinnuleitendum er því veittur skammur fyrirvari til að búa sig undir þær.

Samband íslenskra sveitarfélaga áætla að hreinn kostnaðarauki sveitarfélaga vegna aukinnar ásóknar í félagsaðstoð sveitarfélaga sökum skerðingarinnar geti verið um 500 millj. kr.

Framangreint sýnir að áætlaður sparnaður ríkisins endurspeglar ekki þjóðfélagslegan ábata. Sparnaður ríkisins, verði af skerðingunni, verður á kostnað atvinnuleitenda og sveitarfélaga. Minni hlutinn leggst því alfarið gegn þessari skerðingu.

Minni hluti nefndarinnar átelur einnig vinnubrögð við undirbúning tillögunnar. Af hálfu sveitarfélaga og verkalýðshreyfingarinnar hefur komið fram að skort hafi samráð við þau um skerðinguna. Samband íslenskra sveitarfélaga og verkalýðshreyfingin hafa lýst óánægju með fyrirhugaða skerðingu. Þá upplýstu gestir sem komu fyrir nefndina að ekki lægi fyrir greining á áhrifum hennar. Hér væri einungis um sparnaðaraðgerð að ræða.

¹ Hagstofa Íslands: Félagsvísar: Skortur á efnislegum lífsgæðum 2004–2013. Reykjavík 2014, bls. 9.

Breytingar á lögum um sjúkratryggingar.

Hækkun viðmiðunarfjárhæða í greiðsluþáttökukerfi almennra lyfja.

Fyrir nefndinni kom fram að ekki stæði til að hækka viðmiðunarfjárhæðir í greiðsluþáttökukerfi almennra lyfja að því marki sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2015. Minni hlutinn fagnar því. Hins vegar var upplýst að þeim 200 millj. kr. sparnaði sem átti að ná með hækkun viðmiðunarfjárhæðanna ætti þess í stað að ná fram með auknu lyfjaeftirliti og hækkun á þaki í greiðsluþáttökukerfinu í samræmi við verðlagsforsendur fjárlaga. Minni hlutinn bendir á að til að sá sparnaður náist og lyfjaeftirlit embættis landlæknis sé fullnægjandi þurfi að tryggja embættinu aukna fjárveitingu til eftirlits og nauðsynlegar lagaheimildir.

Greiðsluþátttaka í S-merktum lyfjum.

Í frumvarpinu er lagt til að svokölluð S-merkt lyf, eða sjúkrahúslyf, verði færð undir almenna greiðsluþáttökukerfið, sbr. 19. gr. frumvarpsins. Hingað til hefur kostnaður vegna þeirra alfarið verið greiddur úr ríkissjóði. Breytingin á ekki að ná til þeirra lyfja sem gefin eru inni á deildum sjúkrahúsa. Greiðsluþátttakan mun hins vegar eiga við þau S-merktu lyf sem ávísað er til notkunar utan sjúkrahúsa.

Ljóst er að breytingin mun auka greiðslubyrði sjúklinga með ákveðna sjúkdóma umtalsvert. Við frumvarpsgerðina hefur þó ekki verið greint nákvæmlega hvernig greiðslubyrði muni breytast miðað við mismunandi sjúkdóma og mismunandi hópa sjúklinga. Komið hefur fram fyrir nefndinni að sparnaðurinn sem áætlaður er við þessar breytingar sé óviss því að ekki liggi fyrir slík greining. Minni hluti nefndarinnar átelur þessi vinnubrögð og mælir ekki með að S-merkt lyf séu færð undir greiðsluþáttökukerfið á svo veikum grunni og þar sem ávinningur þess er jafn óljós og raun ber vitni.

Þá kom fram hjá gestum nefndarinnar að nýtt afgreiðslufyrirkomulag S-merktra lyfja sé í lausu lofti. Gert er ráð fyrir að lyfsalar muni nú sjá um dreifingu þeirra S-merkta lyfja sem ekki eru gefin á sjúkrahúsum. Samráð við lyfsala hafi verið lítið og ekki liggi fyrir hvernig lyfsalar eigi að geta fengið þann afslátt í innkaupum lyfjanna sem ríkið getur fengið samkvæmt lögum. Þá er óljóst hvort kostnaður vegna rýrnunar á þessum dýru lyfjum (vegna flutninga eða annars) eigi að lenda á smásölunni. Ljóst má þykja að lyfsalar óska ekki eftir að taka einir á sig þá áhættu í rekstri sem fylgir því að dreifa og selja svo dýr lyf sem S-merkt lyf eru. Hætt er við að aukin hlutdeild í kostnaðinum lendi því á sjúklingum.

Alþingi, 20. nóvember 2014.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, form.

Björt Ólafsdóttir, varaform.

Guðbjartur Hannesson.

Steinunn Þóra Árnadóttir.